

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 9/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2009 frá 3. júlí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/36/EB frá 16. apríl 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlaga III. viðauka við hana að tækniframförum <sup>(2)</sup> með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 30.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0036**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/36/EB frá 16. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 98, 17.4.2009, bls. 31) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 30.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/36/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 30, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 98, 17.4.2009, bls. 31.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.